

A 1878/presidiet

Flytjandi Landsdeild Finnlands í Norðurlandaráði
Afgreiðsla Forsætisnefndin

Þingmannatillaga um áætlun um skiptinám fyrir námsmenn frá Hvíta-Rússlandi**Tillaga**

Nordiska ráðets finska delegation leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að hún leggi drög að áætlun um skiptinám fyrir námsmenn frá Hvíta-Rússlandi fyrir árin 2022–25

að Norræna ráðherranefndin ráðstafi fjármunum í fjárhagsáætlun sinni til þessarar nýju skiptinámsáætlunar

Landsdeild Finnlands í Norðurlandaráði leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til ríkisstjórna á Norðurlöndum um

að skipuleggja framkvæmd áætlunarinnar í samstarfi við Norrænu ráðherranefndina

Bakgrunnur

Stjórnmálaástandið í Hvíta-Rússlandi hefur lengi verið ótryggt. Mannréttindabrot eru mjög algeng og samkvæmt mannréttindastofnunum sitja allt að 40 þúsund í fangelsi sem hafa gagnrýnt hvernig komið er fyrir mannréttindum í landinu. Þetta á einnig við um námsmenn sem hafa gagnrýnt stjórnvöld og þess vegna verið hafnað um skólavist. Ýmsar heimildir herma að rúmlega 360 námsmenn hafi orðið fyrir barðinu á slíku og þvíumlíku.

Norðurlandaráð hefur um margra ára skeið haft sérstakar áhyggjur af hömlum á lýðræðisþróun í Hvíta-Rússlandi. Markmið Norðurlandaráðs er að stuðla að pólitísku samráði stjórnarandstöðunnar í Hvíta-Rússlandi, almennasamtaka og stjórnvalda og þannig styðja við lýðræðisþróun í landinu og efla tjáningarfrelsi, umburðarlyndi og jafnræði. Undir þetta fellur að stuðla að og byggja upp samskipti við uppvaðandi kynslóð Hvít-Rússa. Mikilvægt er að koma á nánara samstarfi milli ungmenna og einnig á sviði menntunar.

Í alþjóðastefnu okkar segir: „Óháð landi og flokkspólitískum línunum einkennast Norðurlöndin af djúpstæðri virðingu fyrir lýðræði, réttarríki, jafnræði og



mannréttindum. Þetta eru gildi sem við á Norðurlöndum lítum á sem sjálfsagðan hlut, en í mörgum löndum er svo ekki. Norðurlöndin geta látið til sín taka í heiminum með því að tala ávallt skýrri röddu sem stendur vörð um þessi gildi.“ Stuðningur við námsmenn í Hvíta-Rússlandi er raunhæft úrræði og sendir umheiminum skilaboð um að almenningur og almennasamtök í landinu séu ekki gleymd.

Menntun er talin mikils virði á Norðurlöndum. Tekið er eftir árangri norrænu landanna í alþjóðlegum samanburðarrannsóknum undanfarin ár. Framfarir í löndunum hafa verið sérlega miklar að því er varðar menntakerfi, háskóla og brautryðjandi rannsókna auk nýsköpunar og innleiðingar nýrrar tækni. Norðurlönd hafa reynslu af samstarfi við ESB á menntasviði og þar sem ráðherranefndin hafði umsjón með Evrópusambandsáætlun um fjárhagsaðstoð við námsmenn í Hvíta-Rússlandi sem vildu komast til náms í löndum Evrópu. Þeirri ESB-áætlun var lokið árið 2018.

Helsingfors, 7. apríl 2021

Anders Eriksson (ÅF)
Anna-Kaisa Ikonen (saml)
Camilla Gunell (ÅSD)
Erkki Tuomioja (sd)
Eveliina Heinäluoma (sd)
Heidi Viljanen (sd)
Heli Järvinen (grænum)
Ilmari Nurminen (sd)
Joakim Strand (sv)
Jouni Ovaska (cent)

Juhana Vartiainen (saml)
Kaisa Juuso (saf)
Lulu Ranne (saf)
Mikko Kinnunen (cent)
Mikko Kärnä (cent)
Outi Alanko-Kahiluoto (grænum)
Riikka Purra (saf)
Veronika Honkasalo (vinstri)
Vilhelm Junnila (saf)
Wille Rydman (saml)